

Fyrirspurn

til félags- og vinnumarkaðsráðherra um fæðingarorlof feðra.

Frá Birgi Þórarinssyni.

1. Hefur ónýttum mánuðum í fæðingarorlofi meðal feðra fækkað frá því að lög nr. 144/2020, um fæðingar- og foreldraorlof, tóku gildi? Ef svo er, hvernig hefur slík þróun verið, sundurliðað eftir árum frá gildistöku laganna?
2. Hver hefur heildarfjöldi ónýtttra orlofsmánaða verið frá gildistöku laga nr. 144/2020, sundurliðað eftir árum?
3. Hvernig hefur fjöldi ónýtttra mánaða í fæðingarorlofi meðal feðra þróast frá árinu 2010?
4. Hefur verið gerð úttekt á töku feðra á fæðingarorlofi?
5. Hvaða aðgerðir hefur ráðuneytið farið í til þess að ýta undir töku feðra á fæðingarorlofi?
6. Hve oft hafa feður framselt sex vikur eða minna af orlofsrétti sínum til móður, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 144/2020?
7. Hve oft hafa mæður framselt sex vikur eða minna af orlofsrétti sínum til föður, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 144/2020?

Skriflegt svar óskast.